

Nd.

**467. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa, samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum upp að 500 kr., 1<sup>1</sup>/<sub>2</sub>% af næstu 500 kr. og 2% af því, sem er yfir 1000 kr.

2. gr.

2. gr. laga nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum, er hér með úr lögum numin.